

Minnisblað - málsnúmer 2501008

Til: Sveitarstjórnar Dalabyggðar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á sveitarstjórnarfundi nr. 258, dags: 21. ágúst 2025

Hér í þessum „molum“ er stiklað í gegnum nokkur af helstu viðfangsefnum síðustu daga og vikur eða frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var 10. júní sl.

- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 665 íbúar samkvæmt Íbúasýn mv. 2. ágúst sl.
- Þann 11. Júní sl., á 31. afmælidegi Dalabyggðar, kom út 24 síðna sérblað um sveitarfélagið. Blaðið ber heitið „*Dalirnir – Fólkið og framtíðin*“ og fylgdi með í dreifingu Skessuhorns til áskrifenda sinna. Skessuhorni með sérblaðinu innan í var dreift á heimili í Dalabyggð og reynt hefur verið eftir fremsta megni að koma blaðinu í dreifingu víða um land sem og hjá ferðapjónum í Dölum og nágrenni. Allt efni blaðsins fjallar um fólk, verkefni og uppbyggingu í Dalabyggð en í blaðinu má finna fjölbreyttar umfjallanir og viðtöl og í raun má segja að við hefðum auðveldlega getað fyllt þó nokkuð margar blaðsíður í viðbót en draga varð línuna á ákveðnum tímapunkti við þessa stærð af blaði. Það er von mín og trú að þessi útgáfa hafi veitt bæði heimafolki og öðrum innsýn í okkar góða samfélag sem dafnar og sækir fram því eins og segir m.a. í pistli mínu í blaðinu: „*Við höfum unnið markvisst að því að endurreisa ímynd Dalabyggðar og sýna fram á þau tækifæri sem eru í héraðinu. Það er ekki lengur spurning um hvort Dalabyggð sé fær um að laða að sér fólk og fyrirtæki, heldur hvernig við getum best nýtt þau tækifæri sem skapast með okkar öfluga mannauði.*“
- Ánægjulegt að sjá og vita að það er framkvæmdahugur víða í Dölum og Vesturbrautin hér í gegnum þorpið okkar fer ekki varhluta af því, nú er Olís/ÓB búið að opna dæluplan sitt þó enn eigi eftir að setja upp rafhleðslustöðvar og ganga frá lóðinni, eigendur og rekstraraðila að Vesturbraut eru að mála húsið, Dalía hefur verið prýdd glæsilegu vegglistaverki, sveitarfélagið hefur einnig lagt sitt af mörkum með nýju þakjárnri á Silfurtúni og því að nú loks er búið er að hreinsa til á lóð áhaldahúss Dalabyggðar og vonandi eru fleiri á þessu svæði með í farvatninu aðgerðir til að fegra umhverfið hér í Búðardal.
- Í byrjun júlí barst Vegagerðinni langþráð tilkynning um viðbótarfjármagn til framkvæmda á árinu 2025. Samkvæmt upplýsingum sem fengust af því tilefni frá Vegagerðinni eru verkefnin sem stefnt er að komi til framkvæmda á árinu vegna þessa eftirfarandi:
 - Malbik verður lagt á við innkomu í Búðardal beggja vegna, þ.e. út fyrir ristarhlið að vestaverðu og að hesthúsa-afleggjara sunnan megin.
 - Um 1 km. við Haukadalsá að Brautarholti verður styrktur og lagt á bundið slitlag.

- Kafli á Svínadal verður styrktur og lagt á bundið slitlag.
- Um 2 km. verða malbikaðir á Bröttubrekku.

Einnig verður hluti fjármagns nýttur til að undirbúa og hanna styrkingu, breikkun og lagningu bundins slitlags á vegkafla á milli Erpsstaða og Haukadalsár og er stefnt að framkvæmdum á þeim kafla sumarið 2026.

Áður var búið að ákveða að lagfærður verður um 1 km. kafli við Gröf sumarið 2025. Það er ánægjulegt að sjá ofan talin verkefni séu að verða að veruleika, enda ástandið orðið óviðunandi með öllu eins og reyndar víðar í vegakerfi okkar í Dölum.

- Fulltrúar Rarik mættu á fund byggðarráðs í byrjun júlí þar sem kynnt voru áform fyrirtækisins um endurnýjun hitaveitulagna í Búðardal. Þörf er á endurnýjun dreifikerfi hitaveitunnar og er gert ráð fyrir að kostnaður við verkið sé á bilinu 300-400 milljónir muni taka um 3 til 4 ár, að óbreyttu. Samhliða þessu mun Rarik m.a. að endurskoða gildandi gjaldskrá og vera í samskiptum við Dalabyggð varðandi sérleyfi sem rennur út 2028. Það ber að fagna því að Rarik horfi til þess að hefja tímabærar endurbætur á innviðum hitaveitunnar í Dölum en mikilvægt er að fyrirtækið gæti jafnframt hófs í þeim gjaldskrárbreytingum sem munu fylgja þeim endurbótum.
- Vegna nauðsynlegra úrbóta og viðgerða í Dalabúð var ákveðið í sumar að loka fyrir útleigu á félagsheimilinu á meðan þeim stendur nema í undantekningartilfellum. Framkvæmdir standa yfir eru og verður tilkynnt um það þegar félagsheimilið er tilbúið til almennrar útleigu á ný. Félög sem hafa samning um aðstöðu í Dalabúð munu áfram hafa aðgengi að sinni aðstöðu en við biðjum þau um að taka tillit til framkvæmda sem eru í gangi hverju sinni.
- Þann 1. júlí sl. heimsótti Stefán Eiríksson útvarpsstjóri Vesturland og fundaði með fulltrúum sveitarfélaga og SSV. Fundurinn fór fram í Hjálmakletti í Borgarnesi, en þar hefur RÚV verið með aðstöðu um árabil. Á fundinum kynnti útvarpsstjóri starfsemi RÚV og drög að nýrri landsbyggðarstefnu. Í kjölfar kynningarinnar varð góð og gagnleg umræða um starfsemi RÚV á Vesturlandi, en Gísli Einarsson ritstjóri Landans tók einnig þátt í umræðunni. Í lok fundar heimsóttu fundarmenn starfsstöð RÚV og fengu kynningu á starfseminni hjá Grétu Sigríði Einarsdóttur fréttamanni og Gísla Einarssyni.
- Undirritaður var gestur í útvarpsþættinum „Vikulokin á RÚV“ þann 12. júlí sl. Umræðuefnið í þeim þætti var víðfeðmt og var m.a. rætt um vindorku og sjónarmið okkar sem í þættinum voru. Ég viðraði þar mína persónulegu sín á viðfangsefnið. Ég set hér slóð á þáttinn þannig að ef einhver hefur áhuga á að hlusta þá er slóðin þessi: <https://www.ruv.is/utvarp/dagskra/ras1/2025-07-12/5362135>
- Umgengni á grenndarstöðvum er víðast hvar í Dalabyggð til fyrirmyndar með ákveðnum undantekningum þó. Í tvígang höfum við í sumar birt á samfélagsmiðlum okkar eftirfarandi tilkynningu til þess að reyna að höfða til samkenndar fólks og þá sérstaklega með vísan í eina stöð sem hafa verið vandræði með þetta sumarið: „*Með vísan í tilkynningu hér á heimasíðu Dalabyggðar frá því 15. maí sl. (sjá: Umgengni grenndarstöðva) vill undirritaður biðla til þeirra sem um grenndarstöðvar ganga að sína*

umhverfinu og þeim reglum sem um grenndarstöðvar gilda virðingu. Ef ílát eru full þá biðlum við til fólks að skilja ekki eftir úrgang utan við þau heldur láta vita og annað hvort biða með að skilja eftir úrgang eða fara með á næstu grenndarstöð.

Hægt er að hafa samband við skrifstofu Dalabyggðar í síma 430-4700 og á netfangið dalir@dalir.is eða á opnunartíma: 10-13 á mánudögum, 09-13 þriðjudaga-fimmtudaga og 09-12 á föstudögum.

Þá minnum við á að endurvinnslustöðin í Búðardal er að Vesturbraut 22, hún er opin 14-18 á þriðjudögum og fimmtudögum, 10-14 á laugardögum en lúgur til að skila flokkuðu heimilissorpi (pappa, plasti, gleri o.s.frv.) eru aðgengilegar allan sólarhringinn.

Við höfum því miður nú endurtekið þurft að grípa til sérstaks viðbragðs hvað varðar grenndarstöðina við Félagsheimilið að Staðarfelli þar sem rusl hefur verið skilið eftir utan við þau ílát sem um ræðir og þar sem fuglar og önnur dýr hafa komist í úrgang.“

- Núverandi lýðheilsufulltrúi Dalabyggðar, Guðný Erna Bjarnadóttir, mun láta af störfum hjá okkur á haustmánuðum. Hún hefur komið inn í starfið af miklum krafti en tekur þá ákvörðun að hætta hjá okkur nú m.a. vegna þess að það stýttist í fjölgun hjá henni sem er auðvitað gleðiefni. Í stað Guðnýjar hefur verið ráðinn í starf lýðheilsufulltrúa Ísak Sigfússon og mun hann hefja störf í seinni hluta september þannig að þau ná tíma saman þau Guðný og Ísak til að fara yfir málin. Við óskum Guðnýju og hennar fólki velfarnaðar á komandi tímum um leið og við bjóðum Ísak og hans fólk velkomið til okkar í Dalina.
- Undirritaður fór ásamt verkefnastjóra og staðgengli mínum í heimsókn niður í Dagverðarnes í sumar. Það er aldeilis frábært að sjá þá andlitslyftingu sem kirkja í Dagverðarnesi hefur fengið og eiga þeir sem heiður eiga að miklar þakkir skyldar. Þetta eykur aðdráttarafl svæðisins og skora ég að sem flesta til að aka fyrir Klofning og kíkja niður í Dagverðarnes í leiðinni, sjón er sögu ríkari.
- Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra boðaði til opinna íbúafunda í ágúst í öllum landshlutum til að eiga samráð um málaflokka ráðuneytisins. Tilgangur fundanna var að kalla eftir sjónarmiðum íbúa og sveitarstjórnarfólks um málaflokka ráðuneytisins – samgöngur, sveitarstjórnar- og byggðamál og fjarskipti og stafræna innviði. Fulltrúar Dalabyggðar mættu á fund innviðaráðherra í Borgarnesi miðvikudaginn 13. ágúst sl. þar sem sveitarstjóri Dalabyggðar afhenti ráðherra minnisblað um stöðu vegamála í Dalabyggð ásamt skýrslu um forgangsröðun vegaframkvæmda og skýrslu um forgangsröðun í fjarskiptamálum sem atvinnumálanefnd Dalabyggðar vann á síðasta ári. Í minnisblaðinu sem ráðherra var afhent kom m.a. fram:

„Dapurt ástand þessara grunnþátta hafa haft neikvæð áhrif á uppbyggingu atvinnulífs í Dalabyggð sem og neikvæð áhrif á byggðapróun svæðisins. Nauðsynlegt er að mikill kraftur verði settur í það að bæta úr öllum þessum þáttum innviða til að styðja við grunnatvinnuvegi svæðisins, sem eru landbúnaður og ferðaþjónusta, en ástand þessara grunnátta eru afar hamlandi áframhaldandi uppbyggingu.“ Í niðurlagi minnisblaðsins sagði: „Öll rök eru með því að innviðir í Dalabyggð verði styrktir til að byggð og atvinna geti haldið áfram að byggjast upp og þróast. Stjórnvöld geta ekki talað fyrir því að fólki sé

frjálst að velja sér búsetu ef því er svo á sama tíma hamlað með því að aðhafast ekkert þegar grunnþættir líkt og vegakerfi, rafmagn og farsímasamband eru varla til staðar.“

Fulltrúar Dalabyggðar á fundinum voru Ingibjörg Þóranna Steinudóttir oddviti og formaður fræðslunefndar, Guðlaug Kristinsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi og formaður umhverfis- og skipulagsnefndar, Garðar Freyr Vilhjálmsson sveitarstjórnarfulltrúi og formaður atvinnumálanefndar, Jóhanna María Sigmundsdóttir staðgengill sveitarstjóra og verkefnastjóri og undirritaður. Í framhaldi af þessari fundarferð innviðaráðherra verður haldið innviðaping í Hörpu þann 28. ágúst og hyggst undirritaður sitja það þing f.h. Dalabyggðar.

- Undirritaður átti í síðustu viku góðan fund með fjármálaráðherra, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis og fleira starfsfólki fjármálaráðuneytisins sem var með vinnufund hér í Búðardal. Það er hollt og gott að ná samtali sem þessu á óformlegum nótum og vonandi að sá góði hópur sem sótti Dalina heim þarna sé margs vísari um það sem við erum að fást við og ekki síður um það hve magnaðir Dalirnir eru.
- Fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi ásamt formanni og framkvæmdastjóra SSV áttu fund með ríkisstjórninni í Stykkishólmi 14 ágúst sl. Á fundinum var farið yfir sameiginlega kynningu SSV og sveitarfélaganna á helstu verkefnum sem brenna á sveitarfélögunum á Vesturlandi. Komið var inn á ýmis mál eins og; vegamál, fjarskipti, orkumál, heilbrigðismál, öldrunarþjónusta, velferðarmál, löggæslumál, menntamál, atvinnumál, nýsköpun og byggðamál. Ráðherrar brugðust við og urðu góðar umræður um þessi hugamunamál Vestlendinga. Síðar sama dag var móttaka í Vatnasafninu í boði ríkisstjórnarinnar. Það var afar gott og gagnlegt að eiga fund sem þennan með ríkisstjórninni og koma á framfæri ýmsum hagsmunamálum sveitarfélaganna á Vesturland. Fulltrúar Dalabyggðar á þessum fundi voru Ingibjörg Þóranna Steinudóttir oddviti og undirritaður.
- Fundur var haldinn fyrir stuttu með umsjónarmanni girðingarmála hjá Vegagerðinni á Vesturlandi. Það er fullt tilefni til að taka það samtal lengra við Vegagerðina því það er nauðsynlegt að bæta úr hvað varðar girðingarmál meðfram vegum í Dölum þannig að vegfarendum og sauðfé standi ekki ógn af og slys verði síður og helst ekki á fólki og fénaði.
- Lausaganga sauðfjár í sumar innan Búðardals hefur verið nokkur og er það óásættanlegt. Byggðarráð fjallaði um málið á síðasta fundi sínum og bókaði eftirfarandi: „Borið hefur á ágangi búfjár í þorpinu í sumar. Íbúar hafa sent ábendingar á skrifstofu sveitarfélagsins og hefur verið reynt að bregðast við þeim með ýmsum úrræðum á tímabilinu, í samræmi við ábendingar hverju sinni. Því miður hafa gripir fundið leiðir til að komast ítrekað inn fyrir að nýju. Nýjustu aðgerðir verða vonandi til þess að þorpið haldist fjárlaust fram á haustið. Við þurfum í sameiningu að sporna við því að búfénaður komist inn í þorpið, er í því tilliti m.a. biðlað til íbúa að loka hliðum við ristarahlið á eftir sér svo þau standi ekki opin í lengri tíma. Eins er því beint til íbúa að ábendingar vegna atriða sem bregðast þarf við, þurfa að

berast skrifstofu sveitarfélagsins til að hægt sé að bregðast við þeim, það má gera með tölvupósti, símleiðis eða með því að koma við á opnunartíma.“

- Viðræður og Dalabyggðar og Húnaþings vestra eru nú eins og fram hefur komið komnar á formlegt stig og er vinna undirbúningsnefndar í fullum gangi. Vinnufundur sveitarstjórna, starfsmanna í stjórnsýslu og fulltrúa úr nefndum verður í næstu viku og í kjölfar þeirra er stefnt að frekara samtali og þátttöku íbúa þannig að sem allir þeir sem vilja og geta komist að borðinu. Að óbreyttu er stefnt að íbúakosningu um sameininguna í fyrri hluta desember.
- Míla áætla að halda áfram í september með lagningu ljósleiðarakerfis í Búðardal og er stefnan eftir þennan verkþátt að Búðardalur verði allur komin með möguleika á ljósleiðaratengingu.
- Opinn íbúafundur vegna skjálftavirkni við Grjótárvatn í Ljósufjallakerfinu var haldinn í gær, miðvikudaginn 20. ágúst í Hjálmakletti í Borgarnesi. Fundurinn var boðaður af Almannavarnanefnd Vesturlands. Tilgangur fundarins var að eiga samtal við íbúa vegna yfirstandandi jarðskjálftavirkni við Grjótárvatn í Ljósufjallakerfinu. Fyrirlestrar voru frá Veðurstofu Íslands, Náttúruhamfaratryggingu Íslands og Neyðarlínunni en jafnframt voru fulltrúar Ríkislögreglustjóra, Lögreglunnar á Vesturlandi og sveitarfélaga á fundinum til að svara spurningum og taka þátt í umræðum.
- Beint frá býli dagurinn á Vesturlandi verður að þessu sinni haldinn á Erpsstöðum þann 24. ágúst. kl. 13.00-16.00 og sama dag standa staðarhaldarar á Staðarfelli fyrir áhugaverðum viðburði þannig að ég skora á þá sem til mín heyra að skoða þessa tvo viðburði og sunnudagsbíltúr í Dalina er alltaf þess virði, nú sem fyrr.
- Ég vil vekja athygli á að opið er fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Vesturlands til og með 25.ágúst. Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja annars vegar menningarverkefni og hins vegar atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Vesturlandi. Sjóðurinn er samkeppnissjóður og eru umsóknir metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í Sóknaráætlun Vesturlands. Í þessari úthlutun er um að ræða styrki til atvinnuþróunar og nýsköpunar. Nánar inn á heimasíðu SSV.
- Framkvæmdir ganga vel við íþróttamannvirkin okkar og hefur saxast á þær 2 vikur sem verkið hefur verið á eftir áætlun um hríð. Allt er enn samkvæmt áætlun hvað kostnað varðar. Á síðasta fundi byggðarráðs voru teknar ákvarðanir um val einstakra þátta sem verið hafa í umræðunni um hríð, t.a.m. varðandi val á tækjabúnaði vegna hreinsibúnaðar fyrir sundlaugarsvæði svo dæmi sé tekið.
- Útboð vegna úrgangsmála fer í loftið á morgun en unnið hefur verið að undirbúningi þess um hríð. Við erum í samstarfi við Consensa hvað það verkefni varðar. Núverandi samningur rennur út í árslok 2025 en að höfðu samráði við ráðgjafa okkar sem og núverandi verktaka hefur verið ákveðið að gildistaka nýs samnings verði 1.apríl 2026. Eru ýmsar ástæður fyrir þessu og ekki síst sú að upphafstími samnings er hentugri þegar komið er inn í árið í stað 1. janúar hverju sinni.

- Hér fyrr á fundinum var framlagður undirritaður kaupsamningur vegna félagsheimilisins Árblik en það er Welcome hotels ehf. sem er kaupandinn og hyggst fyrirtækið reka ferðapjónustu í og við Árblik. Vænti ég góðra samskipta okkar við nýja eigendur að Árblik og taka þeir við eigninni þann 1. október n.k.
- Á síðasta fund byggðarráðs mættu fulltrúar umf. Stjórnunar til skrafs og ráðagerða um framtíðareignarhald á félagsheimilinu Tjarnarlundi. Var þessi heimsókn í kjölfar fundar sem haldinn var þann 16. júní sl. þar sem undirritaður mætti ásamt varaformanni byggðarráðs á félags- og aðalfund umf. Stjórnunnar sem er meðeigandi Dalabyggðar að félagsheimilinu Tjarnarlundi m.a. til að ræða mögulega breytingu á eignarhaldi þess húss. Byggðarráð og stjórn umf. Stjórnunnar sammæltust um það á fundi byggðarráðs að setja félagsheimilið í sölufurli og fer það af stað innan skamms í nánú samstarfi sveitarfélagsins og fulltrúa ungmennafélagsins.
- Leikjanámskeið á vegum Íþróttafélagsins Undra var haldið í sumar og stóð það í fjórar vikur í júní, 3. – 27. júní í Dalabúð, Búðardal. Námskeiðið var fyrir börn fædd 2013 – 2018. Vil ég þakka Íþróttafélaginu Undra og starfsfólki fyrir gott námskeið. Það er mikilvægt að ná samstarfi sem þessu á milli sveitarfélagsins og grasrótarinnar í æskulýðsstarfi.
- Vinnuskóli Dalabyggðar var við störf í sumar á frá 10. júní og til loka júlí og sáu starfsmenn um að snyrta umhverfið hjá okkur undir traustri verkstjórn Sigríðar Jónsdóttur. Vil ég þakka þeim fyrir góð störf í sumar.
- Árlega Sturluhátíð var haldin á Staðarhóli og félagsheimilinu Tjarnarlundi laugardaginn 12. júlí sl. Mæting á hátíðina var eins og fyrri ár framfar öllum vonum og var húsfullir og rúmlega það í Tjarnarlundi. Takk allir þeir sem að stóðu.
- Sumarhátíð Eiríksstaða var haldin sömu helgi og Sturluhátíðin eða dagana 12.-13. júlí í sumar. Mæting á þá hátíð var einnig með ágætum og vil ég þakka staðarhöldurum á Eiríksstöðum fyrir framtakið sem og fyrir sína árvekni gagnvart kynningu á starfsemi sinni sem og öðrum afþreyingarkostum en þau eins og aðrir ferðapjónar í Dölum sína mikla samfélagslega ábyrgð í allri sinni framgöngu.

Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefnin eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.